

Skipulags- og mannvirkjanefnd - 595 (27.10.2022) - Framleiðsluaukning í Önundarfirði

Málsnúmer : 2022100107
Málsaðili : Ís 47 ehf.
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram
Fundardagur : 27.10.2022

Inngangur : Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 24. október, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um fyrirætlanir ÍS 47 ehf. um framleiðsluaukningu í fiskeldi fyrirtækisins í Önundarfirði.

Niðurstaða : Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í tilkynningu framkvæmdaraðila. Nefndin bendir hins vegar á að við ákvörðun um umhverfismat þurfi að taka tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformum framkvæmdaraðila í Önundarfirði. Framkvæmdin fellur ekki undir viðauka A í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og nefndin bendir á að það er Skipulagsstofnunar að taka ákvörðun um umhverfismatsskyldu sem framkvæmd í flokki B.

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 21. desember 2022
Tilv. 2022-10-25-2315/2.5.1

Efni: Varðar tilkynningu um framleiðsluaukningu ÍS 47 um 900 tonna lífmassa af regnbogasilungi og laxi í sjókvíum í Önundarfirði

Með tölvupósti þann 24. október sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða framleiðsluaukningu ÍS 47 um 900 tonna lífmassa af regnbogasilungi og frjóum laxi í sjókvíum í Önundarfirði. Fyrir er leyfi vegna framleiðslu 1000tonna af regnbogasilungi og þorski.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi.

Fram kemur í tilkynningunni (bls. 9): „Engar náttúrulegar laxár eru í Önundarfirði. Eldi ÍS47 er fjarri þekktum laxveiðiám á Vestfjörðum og því er það metið að lítil hætta sé á að eldislax muni blandast villtum laxi ef um slysasleppingar væri að ræða.“

Í Önundarfirði er starfandi Veiðifélag Önundarfjarðar sem tekur til veiði í Kaldá, Breiðadalsá, Korpá, Hestá og Bjarnadalsá. Á vatnasvæðinu veiðist bleikja og urriði, en einnig veiðist lax þar, samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins. Veiðifélagið hefur ekki sinnt skildu sinni um að senda upplýsingar um veiði á vatnasvæðinu og því liggja upplýsingar ekki fyrir um umfang veiði þar. Vitað er að fiskrækt (lax) var reynd í Hestá um tíma. Í tilkynningunni vantar að gerð sé grein fyrir huganlegum veiðihagsmunum í umræddum ám.

Í tilkynningunni er vísað til Rannsókna á Vestfjörðum sem hafa leitt í ljós að villtir sjóbirtingar og sjóbleikjur sem voru veidd í fjörðum með og án fiskeldis voru með talsvert smit af laxalús. Ljóst er að aukið eldi í Önundarfirði eykur líkurnar á því að laxalús verði vandamál í eldinu og geti haft áhrif á viðkomu villtra laxfiskastofna.

Fram kemur í tilkynningunni um framleiðsluaukningar að haft verði fullt samráð við opinberar stofnanir (MAST og Hafró) ef til slysasleppingar kæmi (bls. 15). Fiskistofa bendir á að skylt er að tilkynna um slíkan atburð til Fiskistofu.

Mikill eðlismunur er á því að framleiða frjóan lax eða þær tegundir sem leyfi er nú þegar fyrir í Önundarfirði.



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Að teknu tilliti til þeirrar eðlisbreytingar sem hér er kynnt og því hve óljóst er um veiðihagsmuni á í Önundarfirði telur Fiskistofa eðlilegt áformin yrðu kynnt sérstaklega fyrir Veiðifélagi Önundarfjarðar og upplýsinga aflað um veiði á vatnasvæðinu. Metið verði í framhaldi hvort tilefni sé til að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna kynnttra áforma. Fiskistofa hefur þegar bent veiðifélaginu á mikilvægi þess að skila upplýsingum um veiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 22.11.2022
MFRI: 2022-10-0574

Efni: Tilkynning um framleiðsluaukningu ÍS 47 um 900 tonna lífmassa af regnbogasilungi og laxi í sjókvíum í Önundarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar ÍS 47 um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

ÍS 47 tilkynnir Skipulagsstofnun að til standi að hefja eldi upp á 900 tonn af regnbogasilungi og laxi í Önundarfirði. ÍS 47 er nú með leyfi fyrir 1000 tonna lífmassa af þorski og regnbogasilungi í firðinum.

Áhættumat erfðablöndunar fyrir Önundarfjörð er 2.500 tonn af frjóum eldislaxi. Burðarþol fjarðarins er 2.500 tonna lífmassi. Því rúmast þessi framkvæmd innan áhættumats og burðarþolsmats.

Um fjöllum um helstu atriði tilkynningarinnar

Til efni er til þess að vísa í hugtakanotkun í lögum og reglugerð um fiskeldi. Þar kemur fram að skilgreiningin á hugtakinu sjókvíaeldisstöð sé: „*starfsstöð rekin sem ein heild. Stöðin getur verið hefðbundin kví í sjó eða sökkvanlegur eða fljótandi lokaður eldisbúnaður, fleki, fóðurlagnir og/eða annar búnaður sem er nauðsynlegur til rekstur slíkrar stöðvar*“. Skilgreiningin á eldissvæði er: „*svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnitum*“.

Í tilkynningunni er ítrekað fjallað um sjókvíaeldisstöðvar þar sem réttara er að tala um eldissvæði t.d. í töflu 2-1 þar sem fram koma sérstök hnit með afmörkuðum svæðum. Samkvæmt lögum um

fiskeldi eru eldissvæði skilgreind með hnitum, en ekki sjókvíaeldisstöðvar. Hafrannsóknastofnun telur að brýnt sé að rétt hugtök séu notuð til þess að draga úr líkum á hvers kyns misskilningi milli framkvæmdaraðila, umsagnaraðila og stjórnáslustofnana.

Fyrirhugaðar „sjókvíaeldisstöðvar“ yrðu um 7% af flatarmáli Önundarfjarðar skv. tilkynningunni. Samkvæmt skiptingu strandsjávar í vatnshlot eru tvö vatnshlot í Önundarfirði en ekki er ljóst við hvað miðað er í tilkynningunni. Hafrannsóknastofnun bendir á að við innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála var ákveðið að bíða með að hafa vatnsformfræðilega gæðapætti sem hluta af vistfræðilegu ástandsflökkunarkerfi vatnshlota en að stefnt er að því að svo verði í næsta vatnahring. Í því ljósi þarf að athuga hvað eldissvæði verða stórt hlutfall af því vatnshloti sem starfsemin fer fram í. Viðmið hafa ekki enn verið sett á Íslandi en það er grunnforsenda burðarþolsmats að þrátt fyrir eldisstafsemi innan vatnshlots muni það eftir sem áður uppfylla kröfur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og að vistfræðilegt ástand breytist ekki. Nágrannapjóðir hafa sett 5% sem viðmið um það flatarmál botns sem má vera raskað áður en ástand strandsjávarvatnshlota fellur úr *góðu* ástandi. Stífari kröfur þarf því til að ná *mjög góðu* ástandi.

Fjallað er um dauðfisk í tilkynningunni og tekið er fram að um 1% afföll verði í eldinu sem er langt frá raunverulegum afföllum í eldi á laxi hér við land. Hvaðan þetta mat upp á 1% afföll er komið er óljóst en mikilvægt er að líta til þeirrar reynslu sem komin er af laxeldi í sjókvíum á Vestfjörðum. Þessa tölu ætti að uppfæra miðað við raunverulegar tölur Arnarlax og Arctic Sea Farm í nálægum fjörðum. Tölur sem eru opinberar segja að afföllin geti verið allt að 17% (sjá: Mælaborð fiskeldis fyrir Dýrafjörð - febrúar 2022).

Í umfjöllun tilkynningarinnar um sjúkdóma og laxalús kemur fram að heilbrigði eldisfisks á Íslandi sé mjög gott og þar er vitnað í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma 2021. Þá kemur fram að þeir sjúkdómar sem einkum hafi komið upp í laxeldi séu nýrnaveiki, sveppasýkingar, laxalús og fiskilús. Svo er tekið fram að **laxalús hafi einungis fundist í undantekningartilfellum í eldi og aldrei í Ísafjarðardjúpi** og vísað er til mælaborðs fiskeldis hjá MAST. Umfjöllunin um laxa- og fiskilús í tilkynningunni er ekki ný en ítrekað hefur verið veitt leyfi fyrir lyfjameðhöndlun gegn bæði laxa og fiskilús á Vestfjörðum á undanförunum misserum. Því er alls ekki hægt að segja að þarna sé um undantekningartilfelli að ræða. Hvers vegna talað er sérstaklega um að aldrei hafi fundist laxalús í Ísafjarðardjúpi er óljóst þar sem verið er að fjalla um Önundarfjörð í þessari tilkynningu. Þó má benda á að í Ísafjarðardjúpi er nú lítið eldi en frekara eldi er í þann mund að hefjast þar. Vel er þekkt að laxalús finnst á villtum laxfiskum og þar með talið á villtum laxfiskum sem ganga í sjó í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun bendir á fyrri umsagnir stofnunarinnar um erindi sambærileg þessu þar sem fjallað er um laxa- og fiskilús eins og t.d. umsögn um erindi Hábrúnar frá árinu 2021 og ítrekar að þau sjónarmið sem þar koma fram. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir gegn sjúkdómum þ.m.t. laxa- og fiskilús enda er ekki um vandamál að ræða skv. tilkynningunni. Þá má geta þess að talsverð afföll geta orðið vegna vetrarsára en ekki er minnst á þau í tilkynningunni.

Í umfjölluninni um sjúkdóma er einnig tekið fram að alvarlegur veirusjúkdómur hafi komið upp í laxeldi hjá Löxum hf. í lok árs 2021. Ekki er fjallað nánar um veirusjúkdóminn og þann gríðarlega skaða sem hann olli. Hafrannsóknastofnun telur að uppfæra þurfi þessar upplýsingar um veirusjúkdóminn sem er blóðþorri (ISA veira). Vegna sjúkdómsins þurfti að slátra öllum laxi í Reyðarfirði og Berufirði.

Samantekt

Eins og rakið er hér að framan eru margir vankantar á þeim upplýsingum sem gefnar eru í tilkynningunni. Þeir vankantar eru á hugtakanotkun og umfjöllun um veigamikil umhverfisáhrif svo sem dauðafisk, sjúkdóma og laxa- og fiskilús. Ranglega er fjallað um laxalús og skortur er á umfjöllun um fiskilús. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir gegna laxa- og fiskilús.

Af ofansögðu telur Hafrannsóknastofnun að Skipulagsstofnun þurfi, áður sem ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum er tekin, að óska þess við framkvæmdaraðila að uppfæra tilkynninguna þannig að í henni séu á hlutlausan hátt dregin fram þau umhverfisáhrif sem breytt framkvæmd veldur eða ákvarða að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum svo markmiði laganna sé fylgt eftir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Bolungarvík 27.október 2022

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b,
105 Reykjavík, Ísland

Tilkynning ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða hefur yfirfarið tilkynningu ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Gerð er athugasemd við kafla 14. 2 Dauðfiskar


Fyrirtækið Gámapjónusta Vestfjarða er ekki lengur með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og ekki lengur starfandi. Uppfæra þarf þennan kafla.

Að öðru leiti eru ekki athugasemdir við tilkynninguna.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2022

Efni: Svar við umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna fyrirhugaðrar færslu eldissvæðis ÍS 47 ehf. í Önundarfirði.

Með vísan til erindis sem barst með tölvupósti þann 24. október 2022 hefur tilkynning ÍS 47 ehf. um færslu eldissvæðis í Önundarfirði verið yfirfarin og gerir Landhelgisgæslan (LHG) eftirfarandi athugasemd við fyrirhugað eldissvæði sem merkt er „A“ í tilkynningunni:

Útgerð smábáta er nokkur frá Flateyri, bæði báta sem stunda hefðbundnar fiskveiðar og einnig svokallaðra frístundaveiðibáta. Siglingaleið þessara báta til fiskimiða norðvestur og norður úr Önundarfirði, þ.e. þegar farið er grunnt af Sauðanesi, liggur um svo til mitt fyrirhugað eldissvæði sem merkt er „A“ í tilkynningunni.

Þá er mikilvægt að fram komi að í norðlægum vindáttum er algengt að smábátar sigli grunnt af landi í norðanverðum firðinum til að fá skjól og þannig auka öryggi siglingarinnar. Fyrirhugað eldissvæði „A“ takmarkar að einhverju leyti möguleika smábáta á slíkri öryggisráðstöfun.

LHG gerir ekki aðrar athugasemdir við eldissvæðið en leggur áherslu á að komi til færslu eldissvæðis verði mannvirki merkt með viðeigandi hætti og tilkynningar sendar með viðeigandi hætti til sjófarenda.

Virðingarfyllst,


Guðm. Birkir Agnarsson
Skipstjóri / Fagstjóri mælinga og siglingaöryggis



Sent með tölvupósti til:
skipulag@skipulag.is
jon.smari.jonsson@skipulag.is

Jón Smári Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfoss, 29. nóvember 2022
Tilvísun: 2210540, 2210542, 2210544

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um aukningu á hámarkslífmassa, tegundabreytingu og færslu eldissvæðis ÍS 47 í Önundarfirði

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsagnir, dagsettar 24. október 2022, vegna aukningar á hámarkslífmassa, tegundabreytingu og færslu eldissvæðis ÍS 47 í Önundarfirði. Núgildandi rekstrarleyfi ÍS 47 (FE-1109) heimilar sjókvíaeldi á 1.000 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og þorski á tveimur eldissvæðum í Önundarfirði. Tilvonandi framkvæmdir ÍS 47 gera ráð fyrir 900 tonna lífmassa til viðbótar við það sem heimild er fyrir í dag, breytingu á eldistegund úr þorski yfir í frjóan lax og færslu ytra eldissvæðis frá Ingjaldssand yfir fjörðinn að Hundsa.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Fram kemur í tilkynningum ÍS 47 að enginn annar eldisaðili sé með eldisleyfi í Önundarfirði, en rétt er að Arctic Sea Farm hefur heimild til að ala 200 tonn í firðinum. Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins. Jafnframt er vísað í reglugerð nr. 1170/2015 í tilkynningu vegna færslu eldissvæða en sú reglugerð er ekki lengur í gildi.

Tilkynnt framkvæmd er innan burðapolsmats og áhættumats Önundarfjarðar. Hins vegar gera lög um fiskeldi (IX. ákvæði til bráðabirgða) ráð fyrir að heimilt sé að úthluta opinberlega því magni lífmassa sem heimilt er að ala í Önundarfirði og er umfram heimildir í leyfum til fiskeldis þar. Í 13. gr. reglugerðar um fiskeldi kemur fram að þegar sótt er um breytingu á gildandi rekstrarleyfi þurfi að koma fram hvort breyting eldissvæða sé í samræmi við skiptingu Hafrannsóknastofnunar í eldissvæði. Matvælastofnun vill koma því á framfæri varðandi framkvæmdina að stofnunin hefur ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að verða boðinn út og varðandi færslu eldissvæðis þá þarf aðkomu Hafrannsóknastofnunar sem fer með skiptingu eldissvæða.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim. Stofnunin telur hins vegar ástæðu til þess að ofangreind atriði er varða skiptingu eldissvæða og úthlutun á lífmassa verði tekin til greina m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis og rekstrarleyfisskilyrða.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2022
Málsnúmer: 202210-0027 202210-0028 202210-0029
SS/SKV

Efni: Umsögn um matsskyldu þriggja tengdra fiskeldisáforma á vegum ÍS 47 ehf.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort þrjár nátengdar framkvæmdir ÍS 47 ehf. í Önundarfirði eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun veitir eina sameiginlega umsögn um framkvæmdirnar þrjár þótt þær hafi verið sendar sem þrjú aðskilin mál enda fylgir sama greinargerð öllum málunum.

Framkvæmdirnar þrjár eru:

- Tegundabreyting, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.
- Aukið eldi á regnbogasilungi og laxi úr 1000 tonnum í 1900 tonn í Önundarfirði.
- Færsla eldissvæðis í Önundarfirði frá Ingjaldssandi að Hundsa

Þar sem um þrjár veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi fiskeldisins er að ræða, ætti að taka ákvörðun um matsskyldu byggða á sameiginlegu mati þessara þriggja framkvæmda, til að tryggja að verið sé að taka tillit til heildaráhrifa af breytingunum. Náttúrufræðistofnun telur vel mega rökstyðja að umfang og eðli breytinganna og sú staðreynd að þrjár breytingar séu áætlaðar í einu, sé nægjanleg ástæða til að gerð sé krafa um fullt mat á umhverfisáhrifum.

Það er almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önundarfirði er vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun, og samkvæmt greinargerð ÍS 47 ehf. hefur fiskur ekki sloppið úr eldi. Stofnunin telur engu að síður að í tegundabreytingunni felist áhætta og að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.

Um töluverða aukningu á eldi er að ræða. Aukningin er innan marka burðarþolsmats fyrir Önundarfjörð en mun beinast að tveimur svæðum í firðinum, við Valþjófsdal og nýtt svæði við Hundsa. Samtals mun 7% Önundarfjarðar vera innan eldissvæða.

Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort botndýralíf hafi verið kannað við Hundsa, en svo virðist ekki vera þegar skýrslur um rannsóknir í Önundarfirði eru skoðaðar. Því má álykta að metið sé sem svo að botndýralíf sé líklegt til að vera svipað og annars staðar í Önundarfirði þar sem það hefur verið kannað. Hingað til hefur vöktun á svæðinu við Valþjófsdal ekki sýnt fram á að uppsöfnun lífræns efnis við sjókvíar sé að hafa neikvæð áhrif á fjölbreytni botndýra. Hins vegar er ekki fjallað um hvort og þá hverjar breytingar á tegundasamsetningu hafa orðið en vel er þekkt að slíkar breytingar geta orðið töluverðar við uppsöfnun lífræns efnis á sjávarbotni. Við aukninguna mun magn lífræns efnis sem til fellur aukast töluvert. Mikilvægt er að



vöktunaráætlun sé uppfærð með tilliti til þessarar aukningar. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort og hversu mikið sjókvíum verði fjölgað innan svæðisins við Valþjófsdal annars vegar og nýja svæðisins við Hundsá hins vegar. Þar sem svæðið við Valþjófsdal er staðsett innar í firðinum þar sem er grynna og minni straumur, þarf að fara sérstaklega varlega við að framkvæma aukningu á eldi þar.

Ekkert er fjallað um hvernig aukning og færsla á nýtt eldissvæði mun hafa áhrif á ásýnd og landslag eða á annað lífríki t.d. fuglalíf og sjávarspendýr. Með fjölgun sjókvía í Önundarfirði er hætta á aukinni truflun t.d. vegna ljós- og hljóðmengunar, umferðar báta við sjókvíarnar o.fl. sem geta haft áhrif á ásýnd og truflað dýralíf.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2022
UST202210-207/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurnir - aukning á framleiðslu sjókvíaeldis, færsla eldissvæða og tegundabreyting - Öfundarfjórður

Vísað er til erinda Skipulagsstofnunar er bárust 24. október sl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreindar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breytingar á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Ís 47 ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur tilkynnt áform sín um aukið eldi sem nemur 900 tonnum, þannig að hámarkslífmassi verði 1.900 tonn á hverjum tíma í sjókvíum fyrirtækisins í Öfundarfirði. Einnig er tilkynnt um færslu eldissvæðis og tegundabreytingu, þ.e. úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Umhverfisstofnun bárust umsagnarbeiðnir vegna þriggja tilkynninga um fyrirhugaðar framkvæmdir og svarar þeim í einni sameiginlegri umsögn þar sem um tengdar framkvæmdir er að ræða. Að mati stofnunarinnar ætti að tilkynna allar fyrirhugaðar breytingar í einni skýrslu. Þannig má meta samlegðaráhrif breytinganna á umhverfið.

Rekstraraðili hefur leyfi fyrir eldi á tveimur sjókvíaeldisstöðvum, Ingjaldssandi og Valþjófsdal. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir flutningi sjókvíaeldisstöðvar á Ingjaldssandi að Hundsá, norðan megin í firðinum. Samkvæmt tilkynningarskýrslu er ástæða færslu eldissvæðis sú að svæðið við Ingjaldssand hentar illa til fiskeldis sökum mikillar ölduhæðar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin gefur út starfsleyfi í samræmi við burðarþol og gildandi áhættumat en það síðarnefnda liggur ekki fyrir fyrir frjóan lax í Öfundarfirði. Einnig bendir stofnunin á að úthlutun eldissvæða er á höndum ráðherra sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunum er fjallað um villta laxastofna, burðarþol Öfundarfjarðar, botndýralíf, náttúruhamfarir, skipulag og nýtingu strandsvæða, eldisbúnað, eldisfisk, eldisferli, fóður og fóðurnýtingu, frárennsli, hvíld svæða, erfðablöndun, sjúkdóma og laxalús, slysasleppingar og fyrirhugaða vöktun og vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur í samræmi við grein 5.1 í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila. Árlega skal hann skila vöktunarskýrslu sem byggir á vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Í vöktunarskýrslu rekstraraðila frá 2021 kemur fram að ástand botnsins sé gott og efnainnihald sets á nærsvæði sé lágt miðað við að fiskur sé í kvíum. Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og koma til með að draga úr áhrifum að einhverju leyti.

Úrgangur

Fram kemur að afföll vegna dauðra fiska verði um 10 tonn fyrir framleiðslu á hverjum 1000 tonnum og að dauðfiski verði fargað samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Aðgerð númer 16 í stefnunni er að hætta alfarið urðun lífrænna efna.¹ Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi þann 1. janúar 2023. Með nýjum lögum verður rekstraraðilum skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 og markmiði laganna að eins miklu leyti og unnt er.

Samlegðaráhrif

Í tilkynningarskýrslu vegna færslu eldissvæðis segir í niðurstöðukaflanum að ekki sé gert ráð fyrir auknum neikvæðum áhrifum af færslu eldissvæðis í ljósi þess að lífmassi verði óbreyttur. Umhverfisstofnun bendir á að þær forsendur sem koma fram í matsskyldu-

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefna_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

fyrirspurn og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eru hafðar til hliðsjónar þegar gefið er út starfsleyfi.

Í tilkynningarskýrslu vegna áforma um aukið eldi er tilkynnt um eldisaukningu á regnbogasilungi og laxi. Umhverfisstofnun bendir á að í núgildandi starfsleyfi er heimild til eldis á regnbogasilungi og þorski. Eins eru, í skýrslunni um tegundabreytingu, gefnar þær forsendur að eldissvæði séu við Valþjófsdal og Hundsá og að umfang starfseminnar sé 1.900 tonn.

Að mati Umhverfisstofnunar er hvorki leyfisveitanda né rekstraraðila í hag að tilkynna ofangreindar breytingar í þremur skýrslum. Ekki er samræmi í þeim um hvort mat á umhverfisáhrifum byggji á núverandi fyrirkomulagi eða breyttu fyrirkomulagi. Að auki eru samlegðaráhrif breytinganna ekki metin.

Stofnunin telur að ef tilkynningar þessar verða afgreiddar sínar í hverju lagi en rekstraraðili sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir allar þrjár breytingarnar skuli horfa á þær forsendur sem lagðar eru fram í tilkynningarskýrslum. Umhverfismat færslu eldissvæða byggir t.a.m. á 1.000 tonna hámarkslífmassa.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningarskýrslum framkvæmdanna þriggja sé ekki að fullu gert grein fyrir því hver heildarumhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga verði. Að óbreyttu telur stofnunin því að efni skýrslanna kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Berist frekari gögn þar sem samlegðaráhrif eru metin mun stofnunin taka afstöðu sína til endurskoðunar á grundvelli niðurstaðna þeirra gagna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Skipulags- og mannvirkjanefnd - 595 (27.10.2022) - Færsla eldissvæðis

Málsnúmer : 2022100105
Málsaðili : Ís 47 ehf.
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 27.10.2022

Inngangur : Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 24. október, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um fyrirætlanir ÍS 47 ehf. um færslu á eldissvæði fyrirtækisins í Önundarfirði.

Niðurstaða : Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í tilkynningu framkvæmdaraðila. Nefndin bendir hins vegar á að við ákvörðun um umhverfismat þurfi að taka tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformum framkvæmdaraðila í Önundarfirði.



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 21. desember 2022
Tilv. 2022-10-25-2316/2.5.1

Efni: Varðar tilkynningu ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði

Með tölvupósti þann 24. október sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tilkynning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Fiskistofa fær ekki séð að kynnt tilfærsla á eldissvæði sé líkleg til að hafa áhrif á villt stofna laxfiska.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 22.11.2022
MFRI: 2022-10-0575

Efni: Tilkynning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar ÍS 47 um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Áhættumat erfðablöndunar fyrir Önundarfjörð er 2.500 tonn af frjóum eldislaxi. Burðarþol fjarðarins er 2.500 tonna lífmassi. Því rúmast þessi framkvæmd innan áhættumats og burðarþolsmats.

Um fjöllum um helstu atriði tilkynningarinnar

Í umfjöllun um stöðu fiskeldis í Önundarfirði er tekið fram að enginn annar eldisaðili sé með starfsemi og eldisleyfi í Önundarfirði. Ekki sé því um að ræða hættu er lúti að nálægð við óskylda aðila. Hafrannsóknastofnun bendir á að athuga þurfi betur stöðu leyfa í Önundarfirði því Arctic Sea Farm hafi haft leyfi sem runnin eru út en eru nú í ferli vegna endurnýjunar hjá MAST.

Vöntun er á fullnægjandi lýsingu á umhverfi framkvæmdarinnar eins og t.d. straumum í firðinum. Engin umfjöllun er um umhverfi nýja eldissvæðisins við Hundsa.

Til efni er til þess að vísa í hugtakanotkun í lögum og reglugerð um fiskeldi. Þar kemur fram að skilgreiningin á hugtakinu sjókvíaeldisstöð sé: „*starfsstöð rekin sem ein heild. Stöðin getur verið hefðbundin kví í sjó eða sökkvanlegur eða fljótandi lokaður eldisbúnaður, fleki, fóðurlagnir og/eða*

annar búnaður sem er nauðsynlegur til rekstur slíkrar stöðvar“. Skilgreiningin á eldissvæði er: „svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnitum“.

Í tilkynningunni er ítrekað fjallað um sjókvíaeldisstöðvar þar sem réttara er að tala um eldissvæði t.d. í töflu 2-1 þar sem fram koma sérstök hnit með afmörkuðum svæðum. Samkvæmt lögum um fiskeldi eru eldissvæði skilgreind með hnitum, en ekki sjókvíaeldisstöðvar. Hafrannsóknastofnun telur að brýnt sé að rétt hugtök séu notuð til þess að draga úr líkum á hvers kyns misskilningi milli framkvæmdaraðila, umsagnaraðila og stjórnsýslustofnana.

Fyrirhugaðar „sjókvíaeldisstöðvar“ yrðu um 7% af flatarmáli Önundarfjarðar skv. tilkynningunni. Samkvæmt skiptingu strandsjávar í vatnshlot eru tvö vatnshlot í Önundarfirði en ekki er ljóst við hvað miðað er í tilkynningunni. Hafrannsóknastofnun bendir á að við innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála var ákveðið að bíða með að hafa vatnsformfræðilega gæðapætti sem hluta af vistfræðilegu ástandsflokkunarkerfi vatnshlota en að stefnt er að því að svo verði í næsta vatnahring. Í því ljósi þarf að athuga hvað eldissvæði verða stórt hlutfall af því vatnshloti sem starfsemin fer fram í. Viðmið hafa ekki enn verið sett á Íslandi en það er grunnforsenda burðarþolsmats að þrátt fyrir eldisstafsemi innan vatnshlots muni það eftir sem áður uppfylla kröfur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og að vistfræðilegt ástand breytist ekki. Nágrannaþjóðir hafa sett 5% sem viðmið um það flatarmál botns sem má vera raskað áður en ástand strandsjávarvatnshlota fellur úr *góðu* ástandi. Stífari kröfur þarf því til að ná *mjög góðu* ástandi.

Fjallað er um dauðfisk í tilkynningunni og tekið er fram að um 1% afföll verði í eldinu sem er langt frá raunverulegum afföllum í eldi á laxi hér við land. Hvaðan þetta mat upp á 1% afföll er komið er óljóst en mikilvægt er að líta til þeirrar reynslu sem komin er af laxeldi í sjókvímum á Vestfjörðum. Þessa tölu ætti að uppfæra miðað við raunverulegar tölur Arnarlax og Arctic Sea Farm í nálægum fjörðum. Tölur sem eru opinberar segja að afföllin geti verið allt að 17% (sjá: Mælaborð fiskeldis fyrir Dýrafjörð - febrúar 2022).

Í umfjöllun tilkynningarinnar um sjúkdóma og laxalús kemur fram að heilbrigði eldisfisks á Íslandi sé mjög gott og þar er vitnað í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma 2021. Þá kemur fram að þeir sjúkdómar sem einkum hafi komið upp í laxeldi séu nýrnaveiki, sveppasýkingar, laxalús og fiskilús. Svo er tekið fram að **laxalús hafi einungis fundist í undantekningartilfellum í eldi og aldrei í Ísafjarðardjúpi** og vísað er til mælaborðs fiskeldis hjá MAST. Umfjöllunin um laxa- og fiskilús í tilkynningunni er ekki ný en ítrekað hefur verið veitt leyfi fyrir lyfjameðhöndlun gegn bæði laxa og fiskilús á Vestfjörðum á undanförunum misserum. Því er alls ekki hægt að segja að þarna sé um undantekningartilfelli að ræða. Hvers vegna talað er sérstaklega um að aldrei hafi fundist laxalús í Ísafjarðardjúpi er óljóst þar sem verið er að fjalla um Önundarfjörð í þessari tilkynningu. Þó má benda á að í Ísafjarðardjúpi er nú lítið eldi en frekara eldi er í þann mund að hefjast þar. Vel er þekkt að laxalús finnst á villtum laxfiskum og þar með talið á villtum laxfiskum sem ganga í sjó í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun bendir á fyrri umsagnir stofnunarinnar um erindi sambærileg þessu þar sem fjallað er um laxa- og fiskilús eins og t.d. umsögn um erindi Hábrúnar frá árinu 2021 og ítrekar að þau sjónarmið sem þar koma fram. Ekki er fjallað um

mótvægisáðgerðir gegn sjúkdómum þ.m.t. laxa- og fiskilús enda er ekki um vandamál að ræða skv. tilkynningunni. Þá má geta þess að talsverð afföll geta orðið vegna vetrarsára en ekki er minnst á þau í tilkynningunni.

Í umfjölluninni um sjúkdóma er einnig tekið fram að alvarlegur veirusjúkdómur hafi komið upp í laxeldi hjá Löxum hf. í lok árs 2021. Ekki er fjallað nánar um veirusjúkdóminn og þann gríðarlega skaða sem hann olli. Hafrannsóknastofnun telur að uppfæra þurfi þessar upplýsingar um veirusjúkdóminn sem er blóðþorri (ISA veira). Vegna sjúkdómsins þurfti að slátra öllum laxi í Reyðarfirði og Berufirði.

Samantekt

Eins og rakið er hér að framan eru margir vankantar á þeim upplýsingum sem gefnar eru í tilkynningunni. Þeir vankantar eru á hugtakanotkun og umfjöllun um veigamikil umhverfisáhrif svo sem dauðafisk, sjúkdóma og laxa- og fiskilús. Ranglega er fjallað um laxalús og skortur er á umfjöllun um fiskilús. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir gegna laxa- og fiskilús. Ekki er fjallað um umhverfi nýja eldissvæðisins við Hundsa.

Af ofansögðu telur Hafrannsóknastofnun að Skipulagsstofnun þurfi, áður sem ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum er tekin, að óska þess við framkvæmdaraðila að uppfæra tilkynninguna þannig að í henni séu á hlutlausan hátt dregin fram þau umhverfisáhrif sem breytt framkvæmd veldur eða ákvarða að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum svo markmiði laganna sé fylgt eftir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Bolungarvík 27.október 2022

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b,
105 Reykjavík, Ísland

Tilkynning ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða hefur yfirfarið tilkynningu ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Gerð er athugasemd við kafla 14. 2 Dauðfiskar


Fyrirtækið Gámapjónusta Vestfjarða er ekki lengur með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og ekki lengur starfandi. Uppfæra þarf þennan kafla.

Að öðru leiti eru ekki athugasemdir við tilkynninguna.

Virðingarfyllt



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2022

Efni: Svar við umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna fyrirhugaðrar færslu eldissvæðis ÍS 47 ehf. í Önundarfirði.

Með vísan til erindis sem barst með tölvupósti þann 24. október 2022 hefur tilkynning ÍS 47 ehf. um færslu eldissvæðis í Önundarfirði verið yfirfarin og gerir Landhelgisgæslan (LHG) eftirfarandi athugasemd við fyrirhugað eldissvæði sem merkt er „A“ í tilkynningunni:

Útgerð smábáta er nokkur frá Flateyri, bæði báta sem stunda hefðbundnar fiskveiðar og einnig svokallaðra frístundaveiðibáta. Siglingaleið þessara báta til fiskimiða norðvestur og norður úr Önundarfirði, þ.e. þegar farið er grunnt af Sauðanesi, liggur um svo til mitt fyrirhugað eldissvæði sem merkt er „A“ í tilkynningunni.

Þá er mikilvægt að fram komi að í norðlægum vindáttum er algengt að smábátar sigli grunnt af landi í norðanverðum firðinum til að fá skjól og þannig auka öryggi siglingarinnar. Fyrirhugað eldissvæði „A“ takmarkar að einhverju leyti möguleika smábáta á slíkri öryggisráðstöfun.

LHG gerir ekki aðrar athugasemdir við eldissvæðið en leggur áherslu á að komi til færslu eldissvæðis verði mannvirki merkt með viðeigandi hætti og tilkynningar sendar með viðeigandi hætti til sjófarenda.

Virðingarfyllst,


Guðm. Birkir Agnarsson
Skipstjóri / Fagstjóri mælinga og siglingaöryggis



Sent með tölvupósti til:
skipulag@skipulag.is
jon.smari.jonsson@skipulag.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2022
MÍ202211-0078/ 6.07 / K.M.

Efni: Færsla á eldissvæði fyrirtækisins ÍS 47 í Önundarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 24. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

ÍS 47 er með rekstrarleyfi fyrir 1000 tonna hámarks lífmassa á regnbogasilungi og þorski í sjókvíum á tveimur sjókvíaeldisstöðvum innan sama sjókvíaeldissvæðis í Önundarfirði, Ingjaldssandi og Valþjófsdal. Fyrirtækið hefur alfarið stundað eldi á regnbogasilungi síðustu árin. Í ljósi þess hve Ingjaldssandur hentar illa til fiskeldis sökum mikillar ölduhæðar ráðgerir fyrirtækið að flytja sjókvíaeldisstöðina yfir að Hundsá, á sjókvíaeldisstöð sem er 2.300 m² að stærð og staðsett norðanmegin í firðinum.

Í skýrslu ÍS 47 kemur fram að Önundarfjörður er tiltölulega lítill fjörður á norðanverðum Vestfjörðum. Fjörðurinn liggur norðan við Dýrafjörð en sunnan við Súgandafjörð. Þéttbýlisstaðurinn Flateyri stendur við norðanverðan fjörðinn. Önundarfjörður er frekar grunnur fjörður, dýpið yfirleitt á milli 20 – 30 metrar.

Í skýrslunni segir að ekki séu þekktar fornleifar á eldissvæðum fyrirtækisins í Önundarfirði. Fornleifar hafa ekki verið skipulega skráðar á hafsbótunum í firðinum.

Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Þar á meðal skipsflök og hlutar þeirra. Í 21. gr. sömu laga kemur fram að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefur unnið að skráningu og rannsóknum á neðansjávarminjum við Ísland. Ragnar hefur m.a. skoðað ritaðar heimildir um skipsskaða, kaupsstaði, hvalveiðistöðvar og bátalægi á tímabilinu 1200 – 1910. Í skýrslu eftir Ragnar um neðansjávarminjar í Arnarfirði frá árinu 2014 má m.a. sjá kort sem sýnir tíðni kaupskipa sem fórust við Íslands á áðurnefndu tímabili, áætlað út frá skipssköðum sem getið er um í rituðum heimildum. Heimildir eru til um skipsskaða í Önundarfirði og þar var eitt sinn hvalstöð.

Árið 2010 kom út skýrsla sem Ragnar Edvardsson vann fyrir Fornleifavernd ríkisins, *Fornleifakönnun á neðansjávarminjum á völdum stöðum á Vestfjörðum*. Í skýrslunni má lesa eftirfarandi um Önundarfjörð: *Önundarförður er sunnan við Ísafjarðardjúp og liggur í austur/vestur eins og Djúpið. Verslun var stunduð frá Flateyri á miðöldum og á tímum einokunarverslunar dana. Á verslunarstaðnum á Flateyri byggðist þorp í lok 19. aldar með sama nafni. Útræði var stundað frá tveim verstöðvum, Kálfeyri og Hvannökrum fram á 20. öld. Á Sólbakka, austanmegin við Flateyrina, byggðu norðmenn hvalveiðistöð og stunduðu þar hvalveiðar fram á 20. öld. Ragnar kannaði eitt svæði í Önundarfirði, neðan Sólbakka þar sem hvalveiðistöð var áður. Ýmsar minjar sem tengjast hvalveiðum Norðmanna á 19. öld komu í ljós á hafsbotninum. Í skýrslunni er jafnframt vakin athygli á að búast megi við minjum neðansjávar fyrir framan verstöðvarnar sem voru á Kálfeyri og Hvannaökrum. Þessir staðir eru töluvert innar í firðinum en fyrirhugað fiskeldissvæðið við Hundsa.*

Botninn undir fyrirhuguðum eldiskvíum í Önundarfirði hefur ekki verið skoðaður sérstaklega í leit að minjum. Fiskeldi getur einkum haft áhrif á fornleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fornleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fornleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botns undir kvíum. Ætla má að töluverð vinna sé lögð í að kanna sjávarbotninn undir þeim stöðum þar sem sjókvíum er valin staður. Í slíkri könnu felst að öllum líkindum skönnun og/eða myndataka á botninum.


Áhrif fiskeldis í sjó hefur verið til umræðu innan Minjastofnunar Íslands. Niðurstaðan umræðunnar er að telja verði eðlilegt að við undirbúning slíkar framkvæmda verði farið yfir heimildir sem geta gefið vísbendingar um hugsanlegar minjar í vatni eða sjó og eftir atvikum framkvæmd athugun á botni. Þetta getur í flestum tilfellum farið auðveldlega saman við nauðsynlegan undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda þannig að fornleifafræðingur fái gögn til skoðunar eða verði hafður með þegar skönnun, köfun eða aðrar athuganir á botni eru gerðar.

Minjastofnun Íslands telur að afla þurfi heimilda um skipsskaða í Önundarfirði. Þá þurfi að fá fornleifafræðing með þekkingu á neðansjávarminjum til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið á hafsbotninum undir eldiskvíunum. Ef vísbendingar koma fram um

fornleifar á hafsbotninum gæti þurft að skoða þær nánar. Gera þarf Minjastofnun grein fyrir niðurstöðum slíkra athuganna.

Að því gefnu að gengið verði að þeim skilyrðum sem fram koma hér að ofan telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson (jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2022
Málsnúmer: 202210-0027 202210-0028 202210-0029
SS/SKV

Efni: Umsögn um matsskyldu þriggja tengdra fiskeldisáforma á vegum ÍS 47 ehf.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort þrjár nátengdar framkvæmdir ÍS 47 ehf. í Önundarfirði eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun veitir eina sameiginlega umsögn um framkvæmdirnar þrjár þótt þær hafi verið sendar sem þrjú aðskilin mál enda fylgir sama greinargerð öllum málunum.

Framkvæmdirnar þrjár eru:

- Tegundabreyting, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.
- Aukið eldi á regnbogasilungi og laxi úr 1000 tonnum í 1900 tonn í Önundarfirði.
- Færsla eldissvæðis í Önundarfirði frá Ingjaldssandi að Hundsa

Þar sem um þrjár veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi fiskeldisins er að ræða, ætti að taka ákvörðun um matsskyldu byggða á sameiginlegu mati þessara þriggja framkvæmda, til að tryggja að verið sé að taka tillit til heildaráhrifa af breytingunum. Náttúrufræðistofnun telur vel mega rökstyðja að umfang og eðli breytinganna og sú staðreynd að þrjár breytingar séu áætlaðar í einu, sé nægjanleg ástæða til að gerð sé krafa um fullt mat á umhverfisáhrifum.

Það er almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önundarfirði er vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun, og samkvæmt greinargerð ÍS 47 ehf. hefur fiskur ekki sloppið úr eldi. Stofnunin telur engu að síður að í tegundabreytingunni felist áhætta og að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.

Um töluverða aukningu á eldi er að ræða. Aukningin er innan marka burðarþolsmats fyrir Önundarfjörð en mun beinast að tveimur svæðum í firðinum, við Valþjófsdal og nýtt svæði við Hundsa. Samtals mun 7% Önundarfjarðar vera innan eldissvæða.

Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort botndýralíf hafi verið kannað við Hundsa, en svo virðist ekki vera þegar skýrslur um rannsóknir í Önundarfirði eru skoðaðar. Því má álykta að metið sé sem svo að botndýralíf sé líklegt til að vera svipað og annars staðar í Önundarfirði þar sem það hefur verið kannað. Hingað til hefur vöktun á svæðinu við Valþjófsdal ekki sýnt fram á að uppsöfnun lífræns efnis við sjókvíar sé að hafa neikvæð áhrif á fjölbreytni botndýra. Hins vegar er ekki fjallað um hvort og þá hverjar breytingar á tegundasamsetningu hafa orðið en vel er þekkt að slíkar breytingar geta orðið töluverðar við uppsöfnun lífræns efnis á sjávarbotni. Við aukninguna mun magn lífræns efnis sem til fellur aukast töluvert. Mikilvægt er að



vöktunaráætlun sé uppfærð með tilliti til þessarar aukningar. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort og hversu mikið sjókvíum verði fjölgað innan svæðisins við Valþjófsdal annars vegar og nýja svæðisins við Hundsá hins vegar. Þar sem svæðið við Valþjófsdal er staðsett innar í firðinum þar sem er grynna og minni straumur, þarf að fara sérstaklega varlega við að framkvæma aukningu á eldi þar.

Ekkert er fjallað um hvernig aukning og færsla á nýtt eldissvæði mun hafa áhrif á ásýnd og landslag eða á annað lífríki t.d. fuglalíf og sjávarspendýr. Með fjölgun sjókvía í Önundarfirði er hætta á aukinni truflun t.d. vegna ljós- og hljóðmengunar, umferðar báta við sjókvíarnar o.fl. sem geta haft áhrif á ásýnd og truflað dýralíf.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2022
UST202210-207/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurnir - aukning á framleiðslu sjókvíaeldis, færsla eldissvæða og tegundabreyting - Öfundarfjórður

Vísað er til erinda Skipulagsstofnunar er bárust 24. október sl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreindar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breytingar á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Ís 47 ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur tilkynnt áform sín um aukið eldi sem nemur 900 tonnum, þannig að hámarkslífmassi verði 1.900 tonn á hverjum tíma í sjókvíum fyrirtækisins í Öfundarfirði. Einnig er tilkynnt um færslu eldissvæðis og tegundabreytingu, þ.e. úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Umhverfisstofnun bárust umsagnarbeiðnir vegna þriggja tilkynninga um fyrirhugaðar framkvæmdir og svarar þeim í einni sameiginlegri umsögn þar sem um tengdar framkvæmdir er að ræða. Að mati stofnunarinnar ætti að tilkynna allar fyrirhugaðar breytingar í einni skýrslu. Þannig má meta samlegðaráhrif breytinganna á umhverfið.

Rekstraraðili hefur leyfi fyrir eldi á tveimur sjókvíaeldisstöðvum, Ingjaldssandi og Valþjófsdal. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir flutningi sjókvíaeldisstöðvar á Ingjaldssandi að Hundsá, norðan megin í firðinum. Samkvæmt tilkynningarskýrslu er ástæða færslu eldissvæðis sú að svæðið við Ingjaldssand hentar illa til fiskeldis sökum mikillar ölduhæðar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin gefur út starfsleyfi í samræmi við burðarþol og gildandi áhættumat en það síðarnefnda liggur ekki fyrir fyrir frjóan lax í Öfundarfirði. Einnig bendir stofnunin á að úthlutun eldissvæða er á höndum ráðherra sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunum er fjallað um villta laxastofna, burðarþol Öfundarfjarðar, botndýralíf, náttúruhamfarir, skipulag og nýtingu strandsvæða, eldisbúnað, eldisfisk, eldisferli, fóður og fóðurnýtingu, frárennsli, hvíld svæða, erfðablöndun, sjúkdóma og laxalús, slysasleppingar og fyrirhugaða vöktun og vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur í samræmi við grein 5.1 í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila. Árlega skal hann skila vöktunarskýrslu sem byggir á vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Í vöktunarskýrslu rekstraraðila frá 2021 kemur fram að ástand botnsins sé gott og efnainnihald sets á nærsvæði sé lágt miðað við að fiskur sé í kvíum. Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og koma til með að draga úr áhrifum að einhverju leyti.

Úrgangur

Fram kemur að afföll vegna dauðra fiska verði um 10 tonn fyrir framleiðslu á hverjum 1000 tonnum og að dauðfiski verði fargað samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Aðgerð númer 16 í stefnunni er að hætta alfarið urðun lífrænna efna.¹ Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi þann 1. janúar 2023. Með nýjum lögum verður rekstraraðilum skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 og markmiði laganna að eins miklu leyti og unnt er.

Samlegðaráhrif

Í tilkynningarskýrslu vegna færslu eldissvæðis segir í niðurstöðukaflanum að ekki sé gert ráð fyrir auknum neikvæðum áhrifum af færslu eldissvæðis í ljósi þess að lífmassi verði óbreyttur. Umhverfisstofnun bendir á að þær forsendur sem koma fram í matsskyldu-

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefna_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

fyrirspurn og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eru hafðar til hliðsjónar þegar gefið er út starfsleyfi.

Í tilkynningarskýrslu vegna áforma um aukið eldi er tilkynnt um eldisaukningu á regnbogasilungi og laxi. Umhverfisstofnun bendir á að í núgildandi starfsleyfi er heimild til eldis á regnbogasilungi og þorski. Eins eru, í skýrslunni um tegundabreytingu, gefnar þær forsendur að eldissvæði séu við Valþjófsdal og Hundsá og að umfang starfseminnar sé 1.900 tonn.

Að mati Umhverfisstofnunar er hvorki leyfisveitanda né rekstraraðila í hag að tilkynna ofangreindar breytingar í þremur skýrslum. Ekki er samræmi í þeim um hvort mat á umhverfisáhrifum byggji á núverandi fyrirkomulagi eða breyttu fyrirkomulagi. Að auki eru samlegðaráhrif breytinganna ekki metin.

Stofnunin telur að ef tilkynningar þessar verða afgreiddar sínar í hverju lagi en rekstraraðili sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir allar þrjár breytingarnar skuli horfa á þær forsendur sem lagðar eru fram í tilkynningarskýrslum. Umhverfismat færslu eldissvæða byggir t.a.m. á 1.000 tonna hámarkslífmassa.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningarskýrslum framkvæmdanna þriggja sé ekki að fullu gert grein fyrir því hver heildarumhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga verði. Að óbreyttu telur stofnunin því að efni skýrslanna kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Berist frekari gögn þar sem samlegðaráhrif eru metin mun stofnunin taka afstöðu sína til endurskoðunar á grundvelli niðurstaðna þeirra gagna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

**Skipulagsstofnun**

B.t. Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Tilfærsla á sjókvíaeldisstöð frá Ingjaldssandi að Hundsa í Öfundarfirði.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar Ís 47 ehf. um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fram kemur að áform framkvæmdaraðila feli í sér færslu á sjókvíaeldisstöð, frá Ingjaldssandi að Hundsa, sem er innan sama sjókvíaeldissvæðis ÍS47 í Öfundarfirði. Í dag er ÍS 47 með rekstrarleyfi fyrir 1000 tonna hámarks lífmassa í eldi á regnbogasilungi og þorski í firðinum.

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að færsla á sjókvíaeldisstöð sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vegagerðin bendir á lög um vitamál nr. 132/1999 sem gefa fyrirmæli til þeirra sem ætla að setja út sjómerki að vera í samráði við Vegagerðina og fá heimild Samgöngustofu til að taka merkin í notkun. Einnig að upptalning hnita er villandi, þar sem bæði er notað E og W sem austurhnit, ætti að vera A.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRIÐGEIR

Umsögn Samgöngustofu

Til : Jón Smári Jónsson - SLS
Frá : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
CC : Skipulagsstofnun - SLS; Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir - SGS;
Heiti : Umsögn Samgöngustofu
Málsnúmer : 202207006
Málsaðili : ÍS 47 ehf.
Skráð dags : 03.11.2022 00:00:00
Höfundur : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Góðan dag.

Óskað er umsagnar Samgöngustofu um áætlanir ÍS 47 um að flytja sjókvíaeldisstöð við Ingjaldssand yfir Önundarfjörð að Hundsá.

Skv. upplýsingum á vef MAST hefur fyrirtækið leyfi fyrir tvö eldissvæði í Önundarfirði. Ekki er að sjá að fyrirtækið hafi leyfi á þeim stað sem það hyggst flytja starfsemina á.

Í kafla 3 í tilkynningunni segir m.a.:“ *Enginn annar eldisaðili er með starfsemi og eldisleyfi í Önundarfirði.*“ Samkvæmt upplýsingum á vef MAST er Arctic Sea Farm með eldisleyfi á tveimur svæðum í Önundarfirði.

Samkvæmt gögnum liggur hefðbundin siglingaleið inn fjörðinn norðanverðan á svæði sem fyrirtækið hyggst flytja sig til, fái það til þess viðeigandi leyfi. Ekki kemur fram til hvaða mótvægisáðgerða fyrirtækið hyggst grípa til að tryggja öryggi siglinga.

Með kveðju / Best regards,

Halldór Ó. Zoëga - SGS

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



Icelandic Transport Authority
Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

www.samgongustofa.is / www.icetra.is

Verndum umhverfið, prentum sem minnst
[Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer](#)

From: Jón Smári Jónsson - SLS

Sent: 24.10.2022 14:15:20

To: postur@isafjordur.is ;fiskistofa ;Erindi - HAFRO ;Eftirlit ;lhg@lhg.is ;Matvælastofnun MAST
;postur@minjastofnun.is ;Móttaka - NI ;OS netfang ;Samgongustofa almennt ;Umhverfisstofnun (ust@ust.is)
;Veðurstofa Íslands ;Vegagerðin - VG

CC: Guðni Magnús Eiríksson - FISK ;Rakel Guðmundsdóttir - HAFRO ;Erna Karen Óskarsdóttir - MAST
;Kristinn Magnússon ;Snorri Sigurðsson - NI ;Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Subject: Beiðni um umsögn - Tilkynning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði

Góðan dag,

ÍS 47 ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 21. október 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðili gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 22. nóvember 2022 á tölvupóstföngin: skipulag@skipulag.is og jon.smari.jonsson@skipulag.is

Með kveðju,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

RE Beiðni um umsögn - Tilkyning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði

Til : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
Frá : Hrafnhildur Valdimarsdóttir <hrafnhildur@vedur.is>
CC : Skrifstofa <skrifstofa@vedur.is>
Heiti : RE Beiðni um umsögn - Tilkyning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði
Málsnúmer : 202207006
Málsaðili : ÍS 47 ehf.
Skráð dags : 22.11.2022 00:00:00
Höfundur : Hrafnhildur Valdimarsdóttir <hrafnhildur@vedur.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæll Jón Smári

Veðurstofan getur því miður ekki veitt umsögn um neðan greinda tilkyningu.

Kveðja Hrafnhildur

Með kveðju,
Hrafnhildur Valdimarsdóttir

Skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra

Lögfræðingur

Veðurstofa Íslands | Icelandic Met Office
Sími +354 522 6000
www.vedur.is | en.vedur.is

From: Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>

Sent: mánudagur, 24. október 2022 14:15

To: postur@isafjordur.is; fiskistofa <fiskistofa@fiskistofa.is>; Erindi - HAFRO <erindi@hafogvatn.is>; Eftirlit <eftirlit@hevf.is>; lhg@lhg.is; Matvælastofnun MAST <mast@mast.is>; postur@minjastofnun.is; Móttaka - NI <mottaka@ni.is>; OS netfang <os@os.is>; samgongustofa@samgongustofa.is; Umhverfisstofnun (ust@ust.is) <ust@ust.is>; Skrifstofa <skrifstofa@vedur.is>; Vegagerðin - VG <

Vegagerdin@vegagerdin.is>

Cc: Guðni Magnús Eiríksson - FISK <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; Rakel Guðmundsdóttir - HAFRO <rakel.gudmundsdottir@hafogvatn.is>; Erna Karen Óskarsdóttir - MAST <erna.oskarsdottir@mast.is>; Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>; Snorri Sigurðsson - NI <snorri@ni.is>; Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>

Subject: Beiðni um umsögn - Tilkynning ÍS 47 um færslu eldissvæðis í Önundarfirði

Góðan dag,

ÍS 47 ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 21. október 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðili gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 22. nóvember 2022 á tölvupóstföngin: skipulag@skipulag.is og jon.smari.jonsson@skipulag.is

Með kveðju,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun





Skipulags- og mannvirkjanefnd - 595 (27.10.2022) - Tilkynning um tegundabreytingu

Málsnúmer : 2022100106
Málsaðili : Ís 47 ehf.
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram
Fundardagur : 27.10.2022

Inngangur : Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 24. október, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um fyrirætlanir ÍS 47 ehf. er varðar tegundabreytingu í fiskeldi fyrirtækisins í Önundarfirði.

Niðurstaða : Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í tilkynningu framkvæmdaraðila. Nefndin bendir hins vegar á að við ákvörðun um umhverfismat þurfi að taka tillit til samlegðaráhrifa með öðrum áformum framkvæmdaraðila í Önundarfirði.

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 21. desember 2022
Tilv. 2022-10-25-2317/2.5.1

Efni: Varðar tilkynningu ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi

Með tölvupósti þann 24. október sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tilkynningu ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi.


Fram kemur í tilkynningunni (bls. 8): „Engar náttúrulegar laxár eru í Önundarfirði. Eldi ÍS47 er fjarri þekktum laxveiðiám á Vestfjörðum og því er það metið að lítil hætta sé á að eldislax muni blandast villtum laxi ef um slyasleppingar væri að ræða.“

Í Önundarfirði er starfandi Veiðifélag Önundarfjarðar sem tekur til veiði í Kaldá, Breiðadalsá, Korpá, Hestá og Bjarnadalsá. Á vatnasvæðinu veiðist bleikja og urriði, en einnig veiðist lax þar, samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins. Veiðifélagið hefur ekki sinnt skildu sinni um að senda upplýsingar um veiði á vatnasvæðinu og því liggja upplýsingar ekki fyrir um umfang veiði þar. Vitað er að fiskrækt (lax) var reynd í Hestá um tíma. Í tilkynningunni vantar að gerð sé grein fyrir huganlegum veiðihagsmunum í umræddum ám.

Mikill eðlismunur er á því að framleiða frjóan lax eða þær tegundir sem leyfi er nú þegar fyrir í Önundarfirði.

Að teknu tilliti til þeirrar eðlisbreytingar sem hér er kynnt og því hve óljóst er um veiðihagsmuni á í Önundarfirði telur Fiskistofa eðlilegt áformin yrðu kynnt sérstaklega fyrir Veiðifélagi Önundarfjarðar og upplýsinga aflað um veiði á vatnasvæðinu. Metið verði í framhaldi hvort tilefni sé til að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna kynntra áforma. Fiskistofa hefur þegar bent veiðifélaginu á mikilvægi þess að skila upplýsingum um veiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 22.11.2022
MFRI: 2022-10-0576

Efni: Tilkynning ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar ÍS 47 um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Áhættumat erfðablöndunar fyrir Önundarfjörð gerir ráð fyrir 2.500 tonnum af frjóum eldislaxi. Burðarþol fjarðarins er 2.500 tonna lífmassi. Því rúmast þessi framkvæmd innan áhættumats og burðarþolsmats.

ÍS 47 hefur rekstrarleyfi fyrir 1000 tonna hámarks lífmassa af regnbogasilungi og þorski í sjókvím í Önundarfirði. Miðað er við að eldi fari fram á eldissvæðinu við Valþjófsdal (eldissvæði B) og á nýju eldissvæði sem er við Hundsá (eldissvæði A). Hafrannsóknastofnun skilaði inn umsögn vegna færslu á eldissvæði ÍS 47 til Skipulagsstofnunar (MFRI: 2022-10-0575).

Umfjöllun um helstu atriði tilkynningarinnar

Í útdrætti tilkynningarinnar kemur fram sú ályktun að tegundabreyting úr regnbogasilungi í lax muni ekki valda meiri umhverfisáhrifum og jafnvel hafa minni umhverfisáhrif en núverandi eldi í ljósi þess að lax hafi lægri fódurstuðul en regnbogasilungur. Þó kemur fram undir liðnum „Fóður og fóðurnýting“ að ekki verði breyting á fóðrun frá því sem nú er hjá ÍS 47. Hafrannsóknastofnun bendir á að önnur umhverfisáhrif en af fóðrun komi til greina með þessari breytingu, eins og t.d. erfðablöndun villtra laxa og eldislaxa, en að slík umhverfisáhrif séu ekki til staðar með eldi á regnbogasilungi. Því er villandi að segja að umhverfisáhrif verði minni þar sem umhverfisáhrif geta verið af margvíslegum toga, ekki einungis vegna fóðrunar.

Tilfni er til þess að vísa í hugtakanotkun í lögum og reglugerð um fiskeldi. Þar kemur fram að skilgreiningin á hugtakinu sjókvíaeldisstöð sé: „starfsstöð rekin sem ein heild. Stöðin getur verið hefðbundin kví í sjó eða sökkvanlegur eða fljóttandi lokaður eldisbúnaður, fleki, fódurlagnir og/eða annar búnaður sem er nauðsynlegur til rekstur slíkrar stöðvar“. Skilgreiningin á eldissvæði er: „svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnitum“.

Í tilkynningunni er ítrekað fjallað um sjókvíaeldisstöðvar þar sem réttara er að tala um eldissvæði t.d. í töflu 2-1 þar sem fram koma sérstök hnit með afmörkuðum svæðum. Samkvæmt lögum um fiskeldi eru eldissvæði skilgreind með hnitum, en ekki sjókvíaeldisstöðvar. Hafrannsóknastofnun telur að brýnt sé að rétt hugtök séu notuð til þess að draga úr líkum á hvers kyns misskilningi milli framkvæmdaraðila, umsagnaraðila og stjórnslustofnana.

Fyrirhugaðar „sjókvíaeldisstöðvar“ yrðu um 7% af flatarmáli Önundarfjarðar skv. tilkynningunni. Samkvæmt skiptingu strandsjávar í vatnshlot eru tvö vatnshlot í Önundarfirði en ekki er ljóst við hvað miðað er í tilkynningunni. Hafrannsóknastofnun bendir á að við innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála var ákveðið að bíða með að hafa vatnsformfræðilega gæðapætti sem hluta af vistfræðilegu ástandsflökkunarkerfi vatnshlota en að stefnt er að því að svo verði í næsta vatnahring. Í því ljósi þarf að athuga hvað eldissvæði verða stórt hlutfall af því vatnshloti sem starfsemin fer fram í. Viðmið hafa ekki enn verið sett á Íslandi en það er grunnforsenda burðarþolsmats að þrátt fyrir eldisstafsemi innan vatnshlots muni það eftir sem áður uppfylla kröfur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og að vistfræðilegt ástand breytist ekki. Nágrannaþjóðir hafa sett 5% sem viðmið um það flatarmál botns sem má vera raskað áður en ástand strandsjávarvatnshlota fellur úr *góðu* ástandi. Stífari kröfur þarf því til að ná *mjög góðu* ástandi.

Fjallað er um dauðfisk í tilkynningunni og tekið er fram að um 1% afföll verði í eldinu sem er langt frá raunverulegum afföllum í eldi á laxi hér við land. Hvaðan þetta mat upp á 1% afföll er komið er óljóst en mikilvægt er að líta til þeirrar reynslu sem komin er af sjókvíaeldi á Vestfjörðum. Þessa tölu ætti að uppfæra miðað við raunverulegar tölur Arnarlax og Arctic Sea Farm í nálægum fjörðum. Tölur sem eru opinberar segja að afföllin geti verið allt að 17% (sjá: Mælaborð fiskeldis fyrir Dýrafjörð - febrúar 2022).

Í umfjöllun tilkynningarinnar um sjúkdóma og laxalús kemur fram að heilbrigði eldisfisks á Íslandi sé mjög gott og þar er vitnað í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma 2021. Þá kemur fram að þeir sjúkdómar sem einkum hafi komið upp í laxeldi séu nýrnaveiki, sveppasýkingar, laxalús og fiskilús. Svo er tekið fram að **laxalús hafi einungis fundist í undantekningartilfellum í eldi og aldrei í Ísafjarðardjúpi** og vísað er til mælaborðs fiskeldis hjá MAST. Umfjöllunin um laxa- og fiskilús í tilkynningunni er ekki ný en ítrekað hefur verið veitt leyfi fyrir lyfjameðhöndlun gegn bæði laxa og fiskilús á Vestfjörðum á undanförunum misserum. Því er alls ekki hægt að segja að þarna sé um undantekningartilfelli að ræða. Hvers vegna talað er sérstaklega um að aldrei hafi fundist laxalús í Ísafjarðardjúpi er óljóst þar sem verið er að fjalla um Önundarfjörð í þessari tilkynningu. Þó má benda á að í Ísafjarðardjúpi er nú lítið eldi en frekara eldi er í þann mund að hefjast þar. Vel er þekkt að laxalús finnst á villtum laxfiskum og þar með talið á villtum laxfiskum

sem ganga í sjó í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun bendir á fyrri umsagnir stofnunarinnar um erindi sambærileg þessu þar sem fjallað er um laxa- og fiskilús eins og t.d. umsögn um erindi Hábrúnar frá árinu 2021 og ítrekar að þau sjónarmið sem þar koma fram. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir gegn sjúkdómum þ.m.t. laxa- og fiskilús enda er ekki um vandamál að ræða skv. tilkynningunni. Þá má geta þess að talsverð afföll geta orðið vegna vetrarsára en ekki er minnst á þau í tilkynningunni.

Í umfjölluninni um sjúkdóma er einnig tekið fram að alvarlegur veirusjúkdómur hafi komið upp í laxeldi hjá Löxum hf. í lok árs 2021. Ekki er fjallað nánar um veirusjúkdóminn og þann gríðarlega skaða sem hann olli. Hafrannsóknastofnun telur að uppfæra þurfi þessar upplýsingar um veirusjúkdóminn sem er blóðþorri (ISA veira). Vegna sjúkdómsins þurfti að slátra öllum laxi í Reyðarfirði og Berufirði.

Samantekt

Eins og rakið er hér að framan eru margir vankantar á þeim upplýsingum sem gefnar eru í tilkynningunni. Þeir vankantar eru á hugtakanotkun og umfjöllun um veigamikil umhverfisáhrif svo sem dauðafisk, sjúkdóma og laxa- og fiskilús. Ranglega er fjallað um laxalús og skortur er á umfjöllun um fiskilús. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir gegna laxa- og fiskilús.

Af ofansögðu telur Hafrannsóknastofnun að Skipulagsstofnun þurfi, áður sem ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum er tekin, að óska þess við framkvæmdaraðila að uppfæra tilkynninguna þannig að í henni séu á hlutlausan hátt dregin fram þau umhverfisáhrif sem breytt framkvæmd veldur eða ákvarða að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum svo markmiði laganna sé fylgt eftir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Bolungarvík 27.október 2022

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b,
105 Reykjavík, Ísland

Tilkynning ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða hefur yfirfarið tilkynningu ÍS 47 um tegundabreytingu, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Gerð er athugasemd við kafla 14. 2 Dauðfiskar

Fyrirtækið Gámapjónusta Vestfjarða er ekki lengur með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og ekki lengur starfandi. Uppfæra þarf þennan kafla.

Að öðru leiti eru ekki athugasemdir við tilkynninguna.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

Jón Smári Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfoss, 29. nóvember 2022
Tilvísun: 2210540, 2210542, 2210544

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um aukningu á hámarkslífmassa, tegundabreytingu og færslu eldissvæðis ÍS 47 í Önundarfirði

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsagnir, dagsettar 24. október 2022, vegna aukningar á hámarkslífmassa, tegundabreytingu og færslu eldissvæðis ÍS 47 í Önundarfirði. Núgildandi rekstrarleyfi ÍS 47 (FE-1109) heimilar sjókvíaeldi á 1.000 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og þorski á tveimur eldissvæðum í Önundarfirði. Tilvonandi framkvæmdir ÍS 47 gera ráð fyrir 900 tonna lífmassa til viðbótar við það sem heimild er fyrir í dag, breytingu á eldistegund úr þorski yfir í frjóan lax og færslu ytra eldissvæðis frá Ingjaldssand yfir fjörðinn að Hundsa.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Fram kemur í tilkynningum ÍS 47 að enginn annar eldisaðili sé með eldisleyfi í Önundarfirði, en rétt er að Arctic Sea Farm hefur heimild til að ala 200 tonn í firðinum. Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins. Jafnframt er vísað í reglugerð nr. 1170/2015 í tilkynningu vegna færslu eldissvæða en sú reglugerð er ekki lengur í gildi.

Tilkynnt framkvæmd er innan burðapólsmats og áhættumats Önundarfjarðar. Hins vegar gera lög um fiskeldi (IX. ákvæði til bráðabirgða) ráð fyrir að heimilt sé að úthluta opinberlega því magni lífmassa sem heimilt er að ala í Önundarfirði og er umfram heimildir í leyfum til fiskeldis þar. Í 13. gr. reglugerðar um fiskeldi kemur fram að þegar sótt er um breytingu á gildandi rekstrarleyfi þurfi að koma fram hvort breyting eldissvæða sé í samræmi við skiptingu Hafrannsóknastofnunar í eldissvæði. Matvælastofnun vill koma því á framfæri varðandi framkvæmdina að stofnunin hefur ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að verða boðinn út og varðandi færslu eldissvæðis þá þarf aðkomu Hafrannsóknastofnunar sem fer með skiptingu eldissvæða.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim. Stofnunin telur hins vegar ástæðu til þess að ofangreind atriði er varða skiptingu eldissvæða og úthlutun á lífmassa verði tekin til greina m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis og rekstrarleyfisskilyrða.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2022
Málsnúmer: 202210-0027 202210-0028 202210-0029
SS/SKV

Efni: Umsögn um matsskyldu þriggja tengdra fiskeldisáforma á vegum ÍS 47 ehf.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort þrjár nátengdar framkvæmdir ÍS 47 ehf. í Önundarfirði eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun veitir eina sameiginlega umsögn um framkvæmdirnar þrjár þótt þær hafi verið sendar sem þrjú aðskilin mál enda fylgir sama greinargerð öllum málunum.

Framkvæmdirnar þrjár eru:

- Tegundabreyting, úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.
- Aukið eldi á regnbogasilungi og laxi úr 1000 tonnum í 1900 tonn í Önundarfirði.
- Færsla eldissvæðis í Önundarfirði frá Ingjaldssandi að Hundsa

Þar sem um þrjár veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi fiskeldisins er að ræða, ætti að taka ákvörðun um matsskyldu byggða á sameiginlegu mati þessara þriggja framkvæmda, til að tryggja að verið sé að taka tillit til heildaráhrifa af breytingunum. Náttúrufræðistofnun telur vel mega rökstyðja að umfang og eðli breytinganna og sú staðreynd að þrjár breytingar séu áætlaðar í einu, sé nægjanleg ástæða til að gerð sé krafa um fullt mat á umhverfisáhrifum.

Það er almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önundarfirði er vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun, og samkvæmt greinargerð ÍS 47 ehf. hefur fiskur ekki sloppið úr eldi. Stofnunin telur engu að síður að í tegundabreytingunni felist áhætta og að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.

Um töluverða aukningu á eldi er að ræða. Aukningin er innan marka burðarþolsmats fyrir Önundarfjörð en mun beinast að tveimur svæðum í firðinum, við Valþjófsdal og nýtt svæði við Hundsa. Samtals mun 7% Önundarfjarðar vera innan eldissvæða.

Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort botndýralíf hafi verið kannað við Hundsa, en svo virðist ekki vera þegar skýrslur um rannsóknir í Önundarfirði eru skoðaðar. Því má álykta að metið sé sem svo að botndýralíf sé líklegt til að vera svipað og annars staðar í Önundarfirði þar sem það hefur verið kannað. Hingað til hefur vöktun á svæðinu við Valþjófsdal ekki sýnt fram á að uppsöfnun lífræns efnis við sjókvíar sé að hafa neikvæð áhrif á fjölbreytni botndýra. Hins vegar er ekki fjallað um hvort og þá hverjar breytingar á tegundasamsetningu hafa orðið en vel er þekkt að slíkar breytingar geta orðið töluverðar við uppsöfnun lífræns efnis á sjávarbotni. Við aukninguna mun magn lífræns efnis sem til fellur aukast töluvert. Mikilvægt er að



vöktunaráætlun sé uppfærð með tilliti til þessarar aukningar. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort og hversu mikið sjókvíum verði fjölgað innan svæðisins við Valþjófsdal annars vegar og nýja svæðisins við Hundsá hins vegar. Þar sem svæðið við Valþjófsdal er staðsett innar í firðinum þar sem er grynna og minni straumur, þarf að fara sérstaklega varlega við að framkvæma aukningu á eldi þar.

Ekkert er fjallað um hvernig aukning og færsla á nýtt eldissvæði mun hafa áhrif á ásýnd og landslag eða á annað lífríki t.d. fuglalíf og sjávarspendýr. Með fjölgun sjókvía í Önundarfirði er hætta á aukinni truflun t.d. vegna ljós- og hljóðmengunar, umferðar báta við sjókvíarnar o.fl. sem geta haft áhrif á ásýnd og truflað dýralíf.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2022
UST202210-207/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurnir - aukning á framleiðslu sjókvíaeldis, færsla eldissvæða og tegundabreyting - Öfundarfjórður

Vísað er til erinda Skipulagsstofnunar er bárust 24. október sl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreindar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breytingar á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Ís 47 ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur tilkynnt áform sín um aukið eldi sem nemur 900 tonnum, þannig að hámarkslífmassi verði 1.900 tonn á hverjum tíma í sjókvíum fyrirtækisins í Öfundarfirði. Einnig er tilkynnt um færslu eldissvæðis og tegundabreytingu, þ.e. úr eldi á regnbogasilungi og þorski yfir í eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi.

Umhverfisstofnun bárust umsagnarbeiðnir vegna þriggja tilkynninga um fyrirhugaðar framkvæmdir og svarar þeim í einni sameiginlegri umsögn þar sem um tengdar framkvæmdir er að ræða. Að mati stofnunarinnar ætti að tilkynna allar fyrirhugaðar breytingar í einni skýrslu. Þannig má meta samlegðaráhrif breytinganna á umhverfið.

Rekstraraðili hefur leyfi fyrir eldi á tveimur sjókvíaeldisstöðvum, Ingjaldssandi og Valþjófsdal. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir flutningi sjókvíaeldisstöðvar á Ingjaldssandi að Hundsá, norðan megin í firðinum. Samkvæmt tilkynningarskýrslu er ástæða færslu eldissvæðis sú að svæðið við Ingjaldssand hentar illa til fiskeldis sökum mikillar ölduhæðar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin gefur út starfsleyfi í samræmi við burðarþol og gildandi áhættumat en það síðarnefnda liggur ekki fyrir fyrir frjóan lax í Öfundarfirði. Einnig bendir stofnunin á að úthlutun eldissvæða er á höndum ráðherra sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunum er fjallað um villta laxastofna, burðarþol Öfundarfjarðar, botndýralíf, náttúruhamfarir, skipulag og nýtingu strandsvæða, eldisbúnað, eldisfisk, eldisferli, fóður og fóðurnýtingu, frárennsli, hvíld svæða, erfðablöndun, sjúkdóma og laxalús, slysasleppingar og fyrirhugaða vöktun og vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur í samræmi við grein 5.1 í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila. Árlega skal hann skila vöktunarskýrslu sem byggir á vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Í vöktunarskýrslu rekstraraðila frá 2021 kemur fram að ástand botnsins sé gott og efnainnihald sets á nærsvæði sé lágt miðað við að fiskur sé í kvíum. Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og koma til með að draga úr áhrifum að einhverju leyti.

Úrgangur

Fram kemur að afföll vegna dauðra fiska verði um 10 tonn fyrir framleiðslu á hverjum 1000 tonnum og að dauðfiski verði fargað samkvæmt samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní árið 2021 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, en í henni kemur m.a. fram stefna stjórnvalda í meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Aðgerð númer 16 í stefnunni er að hætta alfarið urðun lífrænna efna.¹ Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi þann 1. janúar 2023. Með nýjum lögum verður rekstraraðilum skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 og markmiði laganna að eins miklu leyti og unnt er.

Samlegðaráhrif

Í tilkynningarskýrslu vegna færslu eldissvæðis segir í niðurstöðukaflanum að ekki sé gert ráð fyrir auknum neikvæðum áhrifum af færslu eldissvæðis í ljósi þess að lífmassi verði óbreyttur. Umhverfisstofnun bendir á að þær forsendur sem koma fram í matsskyldu-

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefna_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

fyrirspurn og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eru hafðar til hliðsjónar þegar gefið er út starfsleyfi.

Í tilkynningarskýrslu vegna áforma um aukið eldi er tilkynnt um eldisaukningu á regnbogasilungi og laxi. Umhverfisstofnun bendir á að í núgildandi starfsleyfi er heimild til eldis á regnbogasilungi og þorski. Eins eru, í skýrslunni um tegundabreytingu, gefnar þær forsendur að eldissvæði séu við Valþjófsdal og Hundsá og að umfang starfseminnar sé 1.900 tonn.

Að mati Umhverfisstofnunar er hvorki leyfisveitanda né rekstraraðila í hag að tilkynna ofangreindar breytingar í þremur skýrslum. Ekki er samræmi í þeim um hvort mat á umhverfisáhrifum byggji á núverandi fyrirkomulagi eða breyttu fyrirkomulagi. Að auki eru samlegðaráhrif breytinganna ekki metin.

Stofnunin telur að ef tilkynningar þessar verða afgreiddar sínar í hverju lagi en rekstraraðili sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir allar þrjár breytingarnar skuli horfa á þær forsendur sem lagðar eru fram í tilkynningarskýrslum. Umhverfismat færslu eldissvæða byggir t.a.m. á 1.000 tonna hámarkslífmassa.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að í tilkynningarskýrslum framkvæmdanna þriggja sé ekki að fullu gert grein fyrir því hver heildarumhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga verði. Að óbreyttu telur stofnunin því að efni skýrslanna kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Berist frekari gögn þar sem samlegðaráhrif eru metin mun stofnunin taka afstöðu sína til endurskoðunar á grundvelli niðurstaðna þeirra gagna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur